

Nokkur mikilvæg atriði varðandi mat, undirbúning og töku ákvarðana um sanngirnishættur fyrir fatlað fólk sem dvaldist á Kópavogshæli og/eða á öðrum sambærilegum stöðum.

- 1. Fötluð börn.** Vegna aldurs og fötlunar eru fötluð börn mjög berskjaldaður hópur. Í íslenskum lögum og ýmsum mannréttindasamningum sem Ísland hefur undirgengist er það viðurkennt og að þau eigi að njóta mannréttinda og verndar stjórnvalda samkvæmt því. Þessi mannréttindi fatlaðra barna og skyldur stjórnvalda gagnvart þeim hafa verið sérstaklega áréttáðar í samningi SP um réttindi barnsins og í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks.

Skyldur ríkisins til að tryggja að fötluð börn sem dvöldust á Kópavogshæli nytu réttinda, verndar, viðeigandi stuðnings og fullnægjandi aðbúnaðar voru því sérstaklega miklar í ljósi skyldna ríkisins samkvæmt lögum og mannréttindasamningum og aldurs og fötlunar þeirra einstaklinga sem í hlut áttu. Það er því sérstaklega alvarlegt m.t.t. þess að ríkið skuli hafa brugðist þeim skyldum sínum með eins alvarlegum hætti og lýst er í skýrslu vistheimilanefndar.

- 2. Aðgangur að réttarkerfinu (e. Access to justice).** Í 13. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um skyldur stjórnvalda til að veita fötluðu fólki þann stuðning sem það þarf á að halda til að það fái þann rétt sem það á til jafns við aðra. Í greininni segir m.a.:

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laqa málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum. (Undirstr. LÞ).

Afar mikilvægt er að hlutaðeigandi stjórnvöld hafi þessar skyldur til hliðsjónar og sem mælikvarða á allar reglur, verklag, málsmeðferð, undirbúning og töku ákvarðana varðandi sanngirnishættur til fólks sem dvaldist á Kópavogshæli. Í því sambandi verður m.a. að taka sérstakt tillit til aðstæðna og þarfa sem lýst er í 3. og 4. tl.

- 3. Afleiðingar fötlunar, aðbúnaðar og meðferðar á möguleika til að sækja rétt sinn.** Gera verður ráð fyrir að einstaklingar sem dvöldust á Kópavogshæli hafi almennt verið með þroskahömlun af einhverju tagi og sumir verulegar skerðingar. Af því leiðir að þeir

þurfa mikinn og sérstakan stuðning til að sækja rétt sinn til sanngirnisbóta. Þá er augljóst að sá aðbúnaður og meðferð sem var á Kópavogshæli og lýst er í skýrslu vistheimilaneftndar er til þess fallinn að draga úr getu þeirra til að standa vörð um hagsmuni sína og sækja rétt sinn. Íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á hvernig þeim aðbúnaði og meðferð var háttað og verða að taka sérstakt tillit til þessa þegar þau setja reglur, ákveða málsmeðferð og undirbúa og taka ákvarðanir varðandi sanngirnisbætur til þeirra sem dvöldust á Kópavogshæli.

4. **Kröfur til sönnunar varðandi ofbeldi og/eða illa meðferð.** Einstaklingar sem dvöldust á Kópavogshæli eiga vegna fötlunar sinnar oft mjög erfitt með að greina frá málsatvikum sem þýðingu kunna að hafa við mat á því hvort það teljist sannað að tiltekið atvik hafi átt sér stað þegar þeir dvöldust á Kópavogshæli eða að tiltekinn aðbúnaður hafi verið þar eða að tiltekin meðferð hafi tíðkast þar. Þá er augljóst að sá aðbúnaður og sú meðferð sem þar var og lýst er í skýrslu vistheimilaneftndar er til þess fallin að draga úr möguleikum þeirra til þess. Íslensk stjórnvöld sem ábyrgð bera á hvernig þeim aðbúnaði og meðferð var háttað verða að taka sérstakt tillit til þessa þegar þau setja reglur, meta mál og undirbúa og taka ákvarðanir varðandi sanngirnisbætur til þeirra sem dvöldust á Kópavogshæli.
5. **Ákvörðun sanngirnisbóta.** Með vísan til þess að framan er rakið verður að telja að öll lagaleg rök og sanngirnisrök standi til þess að öllum þeim fötluðu einstaklingum sem skýrsla vistheimilaneftndar um Kópavogshæli nær til verði ákvarðaðar háar sanngirnisbætur.
6. **Aðrir staðir þar sem fötluð börn voru vistuð og réttur fatlaðra einstaklinga sem voru fullorðnir þegar þeir voru vistaðir á Kópavogshæli.** Þá eru afar miklar líkur til þess að það sama og fram kemur í skýrslu vistheimilaneftndar um Kópavogshælið eigi við um aðra staði þar sem fötluð börn voru vistuð, eins og má m.a. ráða af skýrslu vistheimilaneftndar. Þar kemur fram að að nefndin efist um að þörf sé á að gera úttektir hvað varðar fötluð börn sem voru vistuð annars staðar en á Kópavogshæli þar sem telja verði mjög líklegt að þau börn hafi, a.m.k. um sumt sem nefndin taldi sérstaklega ámælisvert, búið við hliðstæðar aðstæður og þau börn sem dvöldust á Kópavogshæli. Landssamtökin Þroskahjálpi telja nauðsynlegt að ábyrg stjórnvöld taki sem fyrst afstöðu til þess hvort tilefni til er að taka þess staði út með sama eða svipuðum hætti og Kópavogshælið og ef svo er setja þá vinnu í gang án frekari dráttar. Ef ekki verður talið tilefni til þess þurfa stjórnvöld að greiða þeim einstaklingum sem dvöldust á þessum stöðum sanngirnisbætur.

Þá standa mjög veigamikil lagaleg rök og sanngirnisrök til þess, eins og m.a. má ráða af skýrslu vistheimilaneftndar, að öllum þeim sem dvalist hafa á Kópavogshæli, burtséð frá því hversu gamlir þeir voru þegar þeir komu þangað fyrst, verði ákvarðaðar sanngirnisbætur í ljósi þess hvernig var að þeim búið þar. Í því sambandi þarf m.a. að líta til þess að jafnvel þó að þessir einstaklingar hafi verið sjálfráðir samkvæmt lögum þegar þeir voru vistaðir þar voru ákvarðanir um það undantekningalítið teknar af

öðrum og höfðu þessi einstaklingar í raun vegna fötlunar sinnar og aðstæðna afar takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif á þær ákvarðanir.

- 7. Skylda til samráðs við fatlað fólk og samtök.** Það er mjög mikilvægt að þess verði gætt að hafa mikið og virkt samráð við fólk með þroskahömlun og samtök sem vinna að hagsmuna- og réttindamálum þess við undirbúning, töku ákvarðana, setningu reglna og alla framkvæmd við greiðslu sanngirnisbóta til fólks sem dvaldist á Kópavogshæli og/eða á öðrum sambærilegum stöðum.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks er kveðið á um skyldu stjórnvalda til slíks samráðs og það er einnig gert samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en þar segir í 3. tl. 4. gr.:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökin Þroskahjálp,
22. febrúar 2017.